um lánskjör atvinnuveganna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um lánskjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum og á heimamarkaði. Upplýsingar þessar skulu bæði ná til stofnlána og rekstrarlána og greina frá lánsmöguleikum, afborgunarskilmálum, vöxtum og öðru því, sem máli skiptir. Að fengnum þessum upplýsingum skal gerður samanburður á lánskjörum þessara atvinnuvega og íslenzkra atvinnuvega og sá samanburður birtur opinberlega.

Greinargerð.

Það er undirstaða að öruggri afkomu þjóðarinnar, að atvinnuvegir hennar séu samkeppnisfærir við atvinnuvegi annarra þjóða. Hið opinbera verður að gera allt, sem það megnar, til þess að svo megi verða. Í þeim efnum er það ekki sízt þýðingarmikið, að atvinnuvegirnir búi við ekki lakari lánskjör en tíðkast annars staðar, þar sem lánsfé verður nú stöðugt stærri þáttur í rekstri atvinnuveganna sökum vaxandi vélvæðingar og hraðrar framþróunar. Þess vegna er hér lagt til, að aflað verði sem ýtarlegastra upplýsinga um lánskjör atvinnuvega þeirra þjóða, sem við keppum helzt við, og síðan verði gerður samanburður á þeim og lánskjörum íslenzkra atvinnuvega. Slíkur samanburður mun leiða í ljós, hvernig sú stefna í peningamálum, sem nú er fylgt, tryggir samkeppnisstöðu atvinnuveganna og hvaða breytinga kunni að vera helzt þörf í þeim efnum.